



Þekkingarnet Sambandsins á sviði almannavarna



Þekkingarnet Sambandsins á sviði almannavarna

Fyrirbygging, undirbúningur og viðbrögð við náttúruhamförum þarfnast góðrarsamvinnu, skipulagningar á mörgum sviðum, hæfni og sérfræðikunnáttu. **Þekkingarnet Sambandsins á sviði almannavarna**, sem sett var á fót með ákvörðun nr. 1313/2013/ESB, miðar að því að styrkja starfsemi almannavarnakerfis Sambandsins á öllum þessum sviðum. Netið sameinar almannavarnir og viðbragðsaðila náttúruhamfara til að hægt sé að stuðla til samvinnu þeirra á milli í því markmiði að styrkja heildargetu ESB til að bregðast við náttúruhamförum.

Hlutverk þekkingarnetsins er að **miðla þekkingu**, en netið var sett á fót til að gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegri fyrir almannavarnir og viðbragðsaðila náttúruhamfara og veita þeim svigrúm til að læra, vinna og vaxa í sameiningu.

Netið **auðveldar samstarf** og tengir saman fjölda hagsmunaaðila á mismunandi sviðum, bæði innanlands og á alþjóðavísu, hvort sem um ræðir ríkisstofnanir eða einkarekin fyrirtæki, og þá á sviði stjórn mála, vísinda eða viðbragðsaðgerða. Netið skipuleggur viðburði í sýndar- og raunheimum og fjármagnar sameiginleg framtök á milli sviða.

Netið er einnig **nýsköpunarhvati** þar sem það styður rannsóknir og greiðir fyrir kynningu og innleiðingu nýrrar tækni og ferla á sviði almannavarna og viðbragða við náttúruhamförum.

Með því að safna saman og dreifa þekkingu og sérfræðikunnáttu er netið:



Þekkingarmiðill



Samstarfseflir



Nýsköpunarhvati

Starfsemi

Þekkingarnetið er aðallega notað til innleiðingar vel þekktra og árangursgóðra aðgerða, og til að styrkja þær og inngilda enn betur. Síðar meir mun netið kynna ný frumkvæði til að styðja almannavarnakerfi Sambandsins (UCPM) og meðlimi þess og aðildarríki.

Starfsemi þekkingarnetsins byggist á tveimur stöðum - **hæfnipróun** og **vísindum**, ásamt ýmissi starfsemi sem nær yfir fjölda sviða og allt netið, tengir stöðirnar tvær og tryggir samheldni og samverkun.



Þjálfunarverkefni almannavarnakerfis Sambandsins

Þjálfun fyrir sérfræðiaðila til að þeir geti unnið saman að fyrirbyggingu, undirbúningi og viðbrögðum innan almannavarnakerfis Sambandsins.



Starfsemi til að hvetja til meðvitundar

Frumkvæði sem bæta meðvitund almennings um áhættur tengdar náttúruhamförum og starfsemi almannavarna hvað varðar fyrirbyggingu, undirbúning og viðbrögð.



Skipti á sérfræðingum á sviði almannavarna

Skriptistarf sem gerir sérfræðingum kleift að eyða tíma erlendis til að deila reynslu sinni og læra nýja hæfni.



Þátttaka samfélagsins

Reglulegar samræður meðlimi og aðildarríkja og annarra hagsmunaaðila um þætti þekkingarnetsins.



Reynslunýting almannavarnakerfis Sambandsins

Reynsla og góðir starfshættir sem lærst hafa frá innleiðingu og annarri starfsemi og nýttast til að efla skilvirkni almannavarnakerfis Sambandsins.



Samstarfsefningartækifæri

Frumkvæði sem stuðla að nálgun og samstarfi almannavarna og viðbragðshópa náttúruhamfara.



Vísindalegar ráðleggingar og nýsköpun

Tenging við vísindanet til að veita almannavarnakerfi Sambandsins sérfræðiþekkingu og örva rannsóknir og nýsköpun.



Æfingar almannavarna

Æfingar á borð við EU MODEX sem bæta undirbúning og efla samstarf meðal yfirvalda almannavarna og viðbragðshópa í Evrópu.



Þematengdir vinnufundir og ráðstefnur

Nám og tengslamyndun sem tengjast sérstökum þörfum eða áhættum sem fyrir hendi eru eða gætu komið upp.



Netfang

echo-CP-knowledge-network@ec.europa.eu

Vefsvæði

civil-protection-knowledge-network.europa.eu

Tengja. Deila. Vaxa.
Þekkingarnet Sambandsins á sviði
almannavarna

Heimsækja okkur á: <https://civil-protection-knowledge-network.europa.eu/>

#CivProKnowNet